

## Íslenska - skólanámskrá í 4. bekk

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Er fær um að tjá sig fyrir framan hóp.</li> <li>• Getur hlustað af athygli.</li> <li>• Sýnir öðrum virðingu á meðan þeir tala.</li> <li>• Getur lesið áheyrilega og hátt frammi fyrir hópi.</li> <li>• Les skýrt og áheyrilega.</li> <li>• Getur tjáð sig skýrt og áheyrilega í framsögn.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur koma fram og tjá sig, lesa skýrt upphátt auk þess að læra að hlusta af athygli.</li> <li>• Innlifunaraðferðir og tjáning: nemendur lifi sig inn í aðstæður og/eða tjái sig með einhverjum hætti.</li> <li>• Kenndar verða 5 kennslustundir á viku.</li> <li>• Í málfræði og stafsetningu verður innlögð á efninu.</li> <li>• Kennsla fer fram með verkefnavinnu, ritun, framsögnum auk heimalesturs.</li> </ul>
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur lesið sér til gagns og ánægju.</li> <li>• Getur skrifað texta út frá mynd.</li> <li>• Les skýrt og áheyrilega.</li> <li>• Þekkir rím.</li> <li>• Getur lesið og túlkað ljóð.</li> <li>• Getur samið ljóð.</li> <li>• Getur endursagt innihald texta.</li> <li>• Þekkir ljóðstafi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur lesa upphátt alla daga.</li> <li>• Nemendur skrifa frásagnir, skrifa sögu þar sem uppbygging ritunar er notuð.</li> <li>• Nemendur leysa lesskilningsverkefni.</li> <li>• Stefnt að því að nemendur lesa upphátt fyrir kennara eða stuðningsfulltrúa daglega.</li> <li>• Nemendur læra algeng hugtök í bragfræði og ljóð.</li> <li>• Lestrarsprettir.</li> </ul>
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Heldur rétt á blýant.</li> <li>• Dregur rétt til stafs.</li> <li>• Stafir sitja rétt á línunum.</li> <li>• Bil á milli orða er hæfilegt.</li> <li>• Sýnir vönduð vinnubrögð.</li> <li>• Gerir greinarmun á há- og lágstöfum.</li> <li>• Byrjar setningu/málgrein á stórum staf.</li> <li>• Notar punkt í lok setningar/málgreinar.</li> <li>• Notar stóran staf í sérnöfnum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur læra stafsetningarreglur og vinna verkefni s.s. eftir upplestri, villulausar æfingar.</li> <li>• Nemendur skrifa eftir forskrift í tengiskrift og vinna verkefni tengd því.</li> <li>• Sýnikennsla, kennari sýnir tiltekin vinnubrögð eða aðferðir.</li> <li>• Ritun verður að einhverju leyti samþætt samfélagsgreinum.</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifar skýrt og læsilega.</li> <li>• Getur samið eigið ljóð.</li> </ul>	
Málfræði	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Getur raðað orðum í stafrófsröð og skipulagt eftir stafrófsröð.</li> <li>• Þekkir muninn á sérhljóðum og samhljóðum.</li> <li>• Þekkir nafnorð og getur fundið þau í texta.</li> <li>• Getur bætt greini við nafnorð.</li> <li>• Þekkir muninn á sérnöfnum og samnöfnum.</li> <li>• Þekkir hugtakið fallbeyging og getur fallbeygt nafnorð.</li> <li>• Þekkir sagnorð og hlutverk þess.</li> <li>• Þekkir lýsingarorð og hlutverk þess.</li> <li>• Þekkir -ng/-nk regluna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur vinna fjölbreytileg málfræðiverkefni, ýmist sjálfstætt eða í hópum.</li> <li>• Pulunám og þjálfunaræfingar: þekking nemenda er könnuð og fest í minni, leikni þjálfuð og þekking eflað á einhverju ákveðnu sviði.</li> </ul>
Námsefni	Mál til komið, - vinnubók Vandamálið: Þetta er málið, ásamt samnefndri vinnubók Málrækt 1 Ljóðabækur og ljósritað efni frá kennara.	
Lykilhæfni		